

4.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 31.ágúst 2010 á skrifstofu sambandsins í Laugardal kl. 17.15.

Mætt voru: Sigurjón, Kári, Birgir, Guðjón, Auðunn, Hjalti og Gry.

Sigurjón setti fundinn og bar fram svohljóðandi kveðju frá forseta ÍSí, Ólafi Rafnssyni:

„Sælir félagar,

Vil óska ykkur til hamingju með glæsilegan árangur á nýafstöðnu Norðurlandamóti. Bið ykkur að koma hamingjuóskum á framfæri við stjórn Kraftlyftingasambands Íslands, sem og viðkomandi keppendur.

Með bestu kveðju, Ólafur E. Rafnsson“

Sigurjón flutti líka kveðju og hamingjuóskir frá framkvæmdastjóra ÍSí og skrifstofu.

Auðunn og Gry sögðu stuttlega frá Norðurlandamótinu og þing NPF.

Þar kom m.a. fram að Linda Höiland er nýr forseti NPF og Robert Ericsson hefur verið settur framkvæmdastjóra. Gry er fulltrúi KRAFT í stjórn NPF næsta tímabil.

[Skýrsla](#)

Svo var gengið til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Ákveðið var að **Sigurjón** og **Guðjón** fari til fundar við stjórn Kraftlyftingafélags Akraness þriðjudaginn 21.september nk kl.19.00
Aðgerð: **Kári** staðfestir fundartíma við heimamenn.
3. Heimasíðan kraft.is.
Enn á eftir að laga nokkur atriði á heimasíðunni. Linkur á myndir frá EM 2010 er óvirkur, skráning Íslandsmeta single-lift er ekki í lagi og dómaraalistinn ekki uppfærður.
Aðgerð: **Sigurjón** sendir slóð á rétt myndasafn, **Gry** ath með metaskráningu og dómaraalistann.
4. Vinnufundur um reglugerðir sambandsins.
Ákveðið var að halda vinnufund um málið laugardaginn 25.september kl. 9 – 12 á skrifstofu sambandsins. Á fundinum verða Helgi Hauksson, Hörður Magnússon, Birgir Viðarsson, Sigurjón Pétursson og Gry Ek.
Aðgerð: **Sigurjón** boðar fundinn
5. Mótaskrá.
Farið var yfir tillögur um mót 2011 og dagsetningar ákveðnar. ÍM í bekkpressu verður 29.janúar, Reykjavík International Games – réttstöðumót verður 15.janúar, ÍM í réttstöðulyftu verður 3.desember. Eftir er að tímafesta ÍM í kraftlyftingum 2011 og skoða hvort Ármann vilji færa Ármannsmótið í bekkpressu sem fyrirhugað er í júní, t.d. fram í apríl.
Aðgerð: **Birgir** fær staðfesta dagsetningu frá Massa v. ÍM. **Auðunn** talar við Maríu um Ármannsmótið. **Gry** setur mótskrána á kraft.is
6. Bikarmót 2010.
Bikarmót KRAFT 2010 verður haldið laugardaginn 20.nóvember.
Hjalti sér um aðstöðu, kynningu o.a. **Sigurjón** verður mótsstjóri. **Auðunn** kannar möguleika á að fá alþjóðadómara erlendis frá til að dæma og hugsanlega leggja dómaraþróf fyrir Hörð.
7. Fjármál.
Búið er að greiða út styrkina úr afreksmannasjóði v. HM 2009. Búið er að ganga frá skjölum v.

500.000 kr. styrks til Auðuns Jónssonar.

Aðgerð: **Kári** heldur áfram að kynna sér styrkja- og sjóðamál ÍSÍ og kannar hvernig eigi að standa að umsóknum fyrir næsta ár. **Birgir** finnur kvittun fyrir greiðslu til Akranesbæjar v.móts sem „gamla“ KRAFT hélt þar og enn er verið að rukka fyrir.

8. Skráning í Felix.

Enn eiga nokkur félög eftir að skrá meðlimi sína í Felix.

Aðgerð: **Guðjón** og **Sigurjón** taka þetta mál upp við félagin hvert af öðru svo það verði komið í lag fyrir áramót.

9. Önnur mál.

Sigurjón hefur kannað hvernig standa eigi að greiðslu opinberra styrkja til íþróttamála, en Ísland er bundið af samningi við UNESCO þar sem segir að eingöngu íþróttasambönd sem lúta alþjóðalögum um lyfjaeftirlit megi njóta opinberra styrkja. Að gefnu tilefni mun **Sigurjón** benda íþróttayfirvöldum á Grundafirði á þetta.

HM í kraftlyftingum fer fram í Suður-Afríku í nóvember. Bæði Auðunn og María hafa hug á að fara, en þurfa fjárhagsaðstoð til að geta tekið þátt.

Sigurjón kannar möguleika á fjárstyrki.

Næsti fundur var ákveðinn miðvikudaginn 15.september kl. 17.15.

Fundi slitið 19.00